

Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufirði



Endurskoðað aðalskiplag Fjallabyggðar, umsögn

Yðar tilvísun:

Vegagerðin hefur farið yfir endurskoðun á aðalskiplags Fjallabyggðar 2020-2032 skv. tölvupósti dags. 20.4.2021.

Á skipulagsupprætti er ekki lengur merkt svæði á náttúruminjaskrá. Þótt Tröllaskagi sé að stóru leiti á náttúruminjaskrá og þar með stór hluti sveitarfélagsins væri það til bóta að það kæmi fram á upprætti til að á rétta hvaða svæði um ræðir.

Vegagerðin setur fyrirvara með legu Fljótaganga og Ólafsfjarðarganga þar sem undirbúningur er enn á frumstigi og eftir á að gera jarðtæknilegar rannsóknir. Verið er að skoða fleiri kosti varðandi tengingu Ólafsfjarðar við Eyjafjörð, t.d. ný Ólafsfjarðargöng og breikkun Múlaganga. Ný jarðgöng í Fjallabyggð eru ekki komin á samgönguáætlun.

Utan við núverandi höfn í Ólafsfirði er merkt svæði 328E og talsverð landfylling sýnd. Ef af áformum verður þarf að setja upp sandfangara og gæta þess að brimvörn sé nægilega veigamikil en gera má ráð fyrir talsverðu brimi þarna. Vinna þarf að mótun og hönnun svæðis í samráði við Vegagerðina vegna hafnarinnar.

Uppdrættir sýna hvernig stofnvegir verða eftir að búið er að byggja göng yfir í Fljót og í átt að Dalvík. Vegagerðin ítrekar það sem kemur fram í texta að á meðan ekki er búið að byggja þau göng eru það vegirnir í geng um Strákagöng og Ólafsfjarðarmúla sem teljast til stofnvega.

Á Siglufirði er bætt við nýju svæði fyrir verslun og þjónustu, 229 VP. Vegagerðin bendir á að leyfi Vegagerðarinnar þarf fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Á það við þótt í gildi sé skipulag fyrir svæðin.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Björnsson

Undirskrift